

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hólmfríður S. Benediktsdóttir
sópran

Guðni Franzson
klarinett

Gerrit Schuil
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 26. ágúst 1997 kl. 20:30

Hólmfríður Sigrún Benediktsdóttir hóf píanónám hjá Karli Sigurðssyni á Húsavík. Sextán ára gömul hóf hún nám í Kennarskóla Íslands og Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem píanókennari hennar var Ásgeir Beinteinsson. Árið 1971 lauk hún almennu kennaraprófi og síðan tónmenntakennaraprófi 1974. Á árunum 1974 til 1980 stundaði hún einsöngsnám hjá Elísabetu Erlingsdóttur og lauk 8. stigs söngprófi frá Tónlistarskóla Kópavogs. Framhaldsmenntun sótti Hólmfríður til Bandaríkjanna og lauk hún magistersprófi í einsöng við Indianaháskólann í Bloomington 1990. Hólmfríður starfar nú sem söngvari, söngkennari og kórstjóri á Norðurlandi.

Guðni Franzson stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, hjá Gunnari Egilson og Einari Jóhannessyni. Hann lauk kennaraprófi, einleikaraprófi á klarínnettu og prófi frá tónfræðideild skólans 1984. Framhaldsnám stundaði Guðni í Hollandi hjá George Pieterse og Walter Boykens. Guðni kemur reglulega fram sem einleikari víðsvegar í Evrópu og vinnur að upptökum jafnhliða því að semja tónlist fyrir leikhús og stjórna. Hann er einn af stofnendum CAPUT hópsins sem hefur getið sér gott orð fyrir flutning samtímatónlistar.

Gerrit Schuil er fæddur í Vlaardingen í Hollandi og hóf ungur nám í píanóleik. Að loknu háskólanámi var hann í framhaldsnámi í London hjá John Lill og Gerald Moore, og í París hjá Vlado Perlemuter. Gerrit Schuil hefur haldið tónleika í flestum löndum Evrópu og í Bandaríkjunum og komið fram á alþjóðlegum tónlistarhátíðum. Árið 1978 hóf Gerrit Schuil nám í hljómsveitarstjórn, meðal annars hjá rússneska hljómsveitarstjóranum Kirill Kondrashin. Hann starfaði sem hljómsveitarstjóri við Sinfóníuhljómsveit hollenska ríkisútvarpsins um árabíl og hefur einnig stjórnað fjölmörgum hljómsveitum í Evrópu og Bandaríkjunum, bæði í óperuhúsi og tónleikasal. Frá 1992 hefur Gerrit Schuil verið búsettur í Reykjavík.

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson samdi verkið *Vals milli greina* sérstaklega fyrir þessa tónlistarmenn, sem hafa starfað saman í áraraðir.

Efnisskrá

Finnur Torfi Stefánsson
(f. 1947)

Útsær (1995)
Einar Benediktsson

Hróðmar I. Sigurbjörnsson
(f. 1958)

Vals milli greina *Frumflutningur*
Frederico Garcia Lorca
(þýð. Jón Halldór Stefánsson)

Ludwig Spohr
(1784 - 1859)

Úr sex þýskum söngvum op 103
Sei still mein herz
Carl B. v. Schweitzer
Zwiegesang
R. Reinck
Wiegenlied
Hoffmann v. Fallersleben
Wachauf
Óþekktur ljóðahöfundur

Felix Mendelssohn
(1809 - 1847)

Gruß
Auf flügeln des gesanges
Heinrich Heine

Johannes Brahms
(1833 - 1897)

Þýsk þjóðlög
Trennung
Schwesterlein
Da unten im Tale

Johannes Brahms

Der Tod, das ist die kühle Nacht
Heinrich Heine
O wüsst ich doch den Weg
K. Groth
Vergebliches Ständchen
Niederrheinisches Volkslied

Franz Schubert
(1797 - 1828)

Der Hirt auf dem Felsen
Wilhelm Müller